

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

TILSKIPUN

um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 1. grein laga, dags. í dag, um dómsmálastjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, viljum Vér skipa svo fyrir um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík:

1. gr.

Skipa má mann í lögreglustjóraembættið í Reykjavík þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 32. gr. laga nr. 85 frá 1936, enda sé hann 24 ára að aldri, sé lögráður og hafi forræði fjár síns, hafi óflekkað mannorð, hafi íslenzkan ríkisborgararétt, hafi aflað sér sérþekkingar um meðferð lögreglumálefna og hafi hæfileika til lögreglustjórnar.

2. gr.

Tilskipun þessi gengur þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir, sem hlut eiga að máli, sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.